

Mál nr. 61/2010

Ár 2011, mánudaginn 11. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 61/2010

X
gegn
Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 14. desember 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði Y hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærða Y til umsagnar með bréfi dagsettu 16. desember 2010 og honum gefinn andmælafrestur til 13. janúar 2011. Andmæli bárust ekki innan tilskilins frests og var kærða Y send ítrekun dags. 19. janúar. Hinn 1. febrúar móttók siðanefnd svarbréf kærða Y sem var dagsett 20. janúar. Var afrit þess bréfs sent kæranda X til umsagnar. Kærandi X svaraði ekki efnislega en fór fram á að siðanefnd ynni málið áfram. Var boðaður sáttafundur bréflega í ábyrgðarpósti með málsaðilum þann 8. mars 2011. Kærði Y mætti ekki á sáttafundinn. Taldi siðanefnd að ekki kæmu fram frekari gögn og sjónarmið er máli skiptu og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dags. 15. maí 2010 var rakkinn XX paraður við tíkina YY. Hundarnir eru af hundakyninu miniature pinscher og er rakkinn í eigu kærða Y. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærði Y svaraði því til að augnskoðun sem hann hafði skráð hundinn í hefði verið felld niður vegna ónógrar þátttöku en þá þegar hafði pörunin verið ákveðin og hann ekki getað breytt því. Hann hefði síðan farið með hundinn í augnskoðun strax og hægt var eða 3 vikum eftir pörun og hefði hundurinn þá staðist augnskoðun.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og samkvæmt grein 2.6 í reglunum skal vera með gilt vottorð um heilsufarsskoðun fyrir pörun og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um miniature pinscher:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2009).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað þann 15. maí 2010 var ekki fyrirbyggjandi augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu miniature pinscher skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Hefur kærði Y því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærði Y gefur þá skýringu að ekki hafi verið boðið upp á augnskoðun á þeim tíma sem hann þarfnaðist en hann hafi farið

með hundinn strax og unnt var. Siðanefnd telur það ekki breyta brotinu að augnskoðun hafi ekki verið í boði á ákveðnum tíma. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og skal það liggja fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundarnir séu ekki með arfgengan augnsjúkdóm. Hins vegar er lítið til þess að kærði hefur ekki svo vitað sé gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn áður.

IV. Niðurstaða

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærði er áminntur.

f.h siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir